

Af hverju dæmir dómari ekki?

Kristinn Óskarsson fjallar um dómgæslu

Í síðustu viku fjallaði ég um snertingar milli leikmanna og þá var mér tíðrætt um rétt varnarleikmanna. Núna langar mér að velta upp möguleikanum á að dæma ekki þó snertingar verði milli manna.

Dr. James Naismith fann upp körfuknattleikinn árið 1891 sem afþreyingu og þjálfun fyrir leikmenn í ameríska fótboltanum yfir vetrarmánuðina innanhúss. Það er gömul míta að snertingar séu og hafi alla tíð verið bannaðar. Í fyrstu reglum sem Naismith setti fram er svipað orðalag og hefur haldist allar götur síðan um að: „Leikmaður skal ekki hindra, halda, ýta, ryðja, bregða eða skrína mótherja með útréttum handlegg, öxl, mjöðm, hné eða fæti“. Hvergi er minnst á að snertingar séu bannaðar.

Það er tekið fram í reglunum að sumar snertingar séu óhjákvæmilegar þegar 10 leikmenn hreyfa sig um á litlu svæði og þessar hreyfingar hafa færst í aukana á undanförunum árum. Það væri að æra óstöðugan að ætla dómara að dæma villur á allar snertingar, þá væri leikurinn ónýtur.

Þegar dómari sér snertingu, hvaða sjónarmið á hann þá að hafa til viðmiðunar til að meta hvort hann eigi að flauta í flautuna eða ekki?

Reglurnar í körfuknattleik eru nokkuð nákvæmar svo að dómari á að sjálfsgöðu að meta hvort varnar- eða sóknarleikmaður hafi gerst brotlegur við reglurnar. En reglurnar leggja enn meiri ábyrgð á dómara, því gert er ráð fyrir að dómari meti hvort brotlegur aðili hafi skapað liði sínu hagræði eða valdið andstæðingum sínum óhagræði. Hafi hann ekki gert það hefur í raun ekkert brot átt sér stað. Þessi aðferð er kölluð hagnaðarreglan og er að finna víða í leikreglum.

Manna á milli hefur sá misskilningur verið útbreiddur að hagnaðarregla sé ekki í gildi í körfuknattleik. Ekkert er ósannara. Körfuknattleiksdómarar hafa þurft að beita hagnaðarreglu frá fyrstu tíð og alveg sérstaklega sl. 20 ár. Knattspyrnudómarar hafa leyfi til að láta leikinn ganga í 2-3 sekúndur til að sjá hvort liðið sem brotið er gegn verði sannarlega fyrir óhagræði en körfuknattleiksdómarar hafa ekki sama svigrúm og er ætlast til að þeir beiti hagnaðarreglunni strax.

Það er almennt viðhorf þeirra sem meta störf dómara að góð beiting hagnaðarreglunnar sé allmennt það sem skilur bestu dómara frá hinum, þar er þekking og skilningur á leiknum lykilatriði fyrir dómara.

Næst þegar þú sérð snertingu sem þú telur vera villu, mundu þá að dómari hefur þrjá kosti, að dæma varnavillu, að dæma sóknarvillu og að láta leikinn halda áfram. Velji hann síðasta kostinn hefur hann tekið ákvörðun rétt eins og hann hefði gert með valkost eitt og tvö, en hann telur að hagsmunum leiksins sé betur borgið með því að flauta ekki.

Samantekt:

Hagnaðarreglan er hornsteinn góðrar dómgæslu

Hagnaðarreglan gerir kröfur til dómara um skilning og tilfinningu fyrir leiknum.

Að dæma ekki er oft góður valkostur.

Kær kveðja,

Kristinn Óskarsson, alþjóðlegur körfuknattleiksdómari